

Aðalfundarboð

Boðað er til aðalfundar félagsins þann 21. mars 2024, kl. 17:00 og verður hann haldinn að Borgartúni 27, 2. hæð. Fundurinn verður einnig í boði sem fjárfundur.

Dagskrá

- Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári
- Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess
- Tillögur um lagabreytingar og nýtt nafn félagsins
- Ákvörðun um félagsgjöld
- Stjórnarkjör
- Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs
- Kosning siðanefndar
- Önnur mál

Skráning þátttöku á aðalfund

Vinsamlegast skráið ykkur til þátttöku á aðalfundinn eigi síðar en á hádegi 19. mars nk. svo hægt sé að áætla magn veitinga og hverjir vilja fá sendan fundarlink á fundinn, ásamt því að senda félagsmönnum fundargögn fundarins. Skráning fer fram [hér](#).

Ef þið lendið í einhverjum vandræðum hafið þá samband við okkur á skrifstofu FÍN um netfangið fin@fin.is eða í síma 595-5175.

1. Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar FÍN verður send félagsmönnum sem skrá sig til þátttöku á aðalfundinn.

2. Ársreikningar

Endurskoðaðir ársreikningar félagsins og kjaradeilusjóðs verða sendir félagsmönnum sem skrá sig til þátttöku á aðalfundinn.

Aðalfundur FÍN

Skrifstofa FÍN er að
Borgartúni 27, 2. hæð
105 Reykjavík

Opið:
Mánudaga og miðvikudaga
Frá kl. 13:00—14:00
Þriðjudaga og fimmtudaga
Frá kl. 11:00—12:00
Lokað á föstudögum

Sími: 595-5175
Netfang: fin@fin.is
Veffang: www.fin.is

Starfsmenn á skrifstofu:

Marianna H. Helgadóttir,
formaður

Orrí Þrastarson,
verkefnastjóri

Runólfur Vigfússon,
lögfræðingur

Útgefandi: FÍN

Ábyrgðamaður:
Marianna H. Helgadóttir

Upplag: Netútgáfa

Ljósmynd:

3. Lagabreytingar

Tillögur um breytingar á lagaákvæðum 1., 2., 3., 4. og 18. gr. í lögum félagsins sem teknar verða fyrir á aðalfundi félagsins eru auðkenndar með **appelsínugulum lit.**

VAR:

1. gr. Almennt

Félagið heitir Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og á ensku The Union of Natural Scientists in Iceland. Félagssvæði þess er landið allt. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

VERÐUR:

1. gr. Almennt

Félagið heitir [*verður ákveðið á aðalfundi 21. mars 2024**]. Félagssvæði þess er landið allt. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

*Vegna tillögu um breytingu á nafni félagsins:

Stjórn félagsins mun leggja til breytingu á 1. grein félagsins á komandi aðalfundi um að breyta nafni félagsins. Stjórn félagsins hefur unnið að stefnumótun undanfarin tvö ár og út frá þeirri vinnu var ákveðið að leggja til nafnabreytingu á félaginu á aðalfundi 2024.

Tillögur um nöfn og merki félagsins verða kynntar á aðalfundi félagsins og kjósa félagsmenn sem mæta á aðalfundinn um nafn félagsins. Þeir sem [forskrá sig](#) á fundinn munu fá frekari fundargögn send í tölvupósti deginum áður. Aðeins þeir sem mæta á aðalfundinn eða taka þátt í honum í gegnum fjarfundarbúnað geta kosið um nafn félagsins.

VAR:

2. gr. Hlutverk

Félagið er stéttarfélag. Hlutverk þess er:

- Að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjarasamningsbundnum réttindamálum
- Að gera kjarasamning fyrir félagsmenn sína, hvort heldur er á almennum markaði eða hjá hinu opinbera.
- Að stuðla að samvinnu, samheldni og góðri fagþekkingu félagsmanna.

3. Lagabreytingar frk.

VERÐUR:

2. gr. Hlutverk

Félagið er stéttarfélag og vill ávallt vera fyrsti valkostur háskólamenntaðra einstaklinga.

Hlutverk þess er:

Að standa vörð um og vinna að bættum kjörum og kjarasamningsbundnum réttindum félagsfólks óháð uppruna þeirra.

Að gera kjarasamning fyrir félagsfólk sitt, hvort heldur er á almennum markaði eða hjá hinu opinbera.

Að tryggja aðgengi félagsfólks að upplýsingum um réttindi og kjör sín og aðra hagsmuni sem tengjast félaginu.

Að vinna að því að bæta réttarstöðu sjálfstætt starfandi sérfræðinga og efla samkeppnishæfni þeirra.

Að stuðla að samvinnu, samheldni og góðri fagþekkingu félagsfólks í gegnum fagfélög þess og að kynna fyrir almenningi mikilvægi starfa félagsfólks.

Að kynna félagið fyrir verðandi/mögulegu félagsfólki og vinna að tengslum við hagsmunafélög.

Að stuðla að og standa vörð um öflugt sjóðakerfi fyrir félagsfólk þvert á markaði.

Að stuðla að sterku trúnaðarmannakerfi á vinnustöðum og miðla fræðslu til félagsfólks.

VAR:

3. gr. Aðildarskilyrði

A. Full aðild

Þeir sem hafa lokið a.m.k. Bakkalár-prófi eða sambærilegri menntun og starfa á þeim sviðum sem félagið hefur samningsumboð fyrir geta fengið fulla aðild að félaginu. Stjórn er heimilt að hafna aðild að félaginu telji hún að félagið geti ekki samið um viðkomandi starf í kjarasamningi.

Full aðild felst í því að viðkomandi hafi hlotið aðild að félaginu, ásamt því að hafa greitt félagsgjald til félagsins sl. 6 mánuði.

B. Nemaaðild

Nemaaðild er tímabundin aðild að félaginu. Nemaaðild varir að hámarki í 5 ár. Nemaaðild veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi.

C. Undanþáguheimildir

Stjórn er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði um a.m.k. bakkalárpróf, sbr. A lið, og veita viðkomandi aðila fulla aðild að félaginu krefjist starf viðkomandi prófs á háskólastigi eða ígildi þess. Stjórn er heimilt að veita undanþágu frá Bachelor-prófi sbr. A lið til þeirra sem hafa náð sér í formlega prófgráðu á háskólastigi geti félagið haft samningsumboð vegna viðkomandi starfs. Stjórn skal birta á vefsíðu félagsins veittar undanþágur.

Kjörgengi og kosningarréttur eru háð því að félagsmenn hafa fulla aðild og hafi greitt félagsgjöld til félagsins síðustu 6 mánuði.

3. Lagabreytingar frk.

VERÐUR:

3. gr. Aðildarskilyrði

A. Full aðild

Peir sem hafa lokið a.m.k. **bakkalár-prófi** eða sambærilegri menntun og starfa á þeim sviðum sem félagið hefur samningsumboð fyrir geta fengið fulla aðild að félaginu. Stjórn er heimilt að hafna aðild að félaginu telji hún að félagið geti ekki samið um viðkomandi starf í kjarasamningi.

Full aðild felst í því að viðkomandi hafi hlotið aðild að félaginu, ásamt því að hafa greitt félagsgjald til félagsins sl. 6 mánuði.

B. Nemaaðild

Nemaaðild er tímabundin aðild að félaginu. Nemaaðild varir að hámarki í 5 ár. Nemaaðild veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi.

C. Undanþáguheimildir

Stjórn er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði um a.m.k. bakkalárpróf, sbr. A lið, og veita viðkomandi aðila fulla aðild að félaginu krefjist starf viðkomandi prófs á háskólastigi eða ígildi þess. Stjórn er heimilt að veita undanþágu frá **bakkalár-prófi** sbr. A lið til þeirra sem hafa náð sér í formlega prófgráðu á háskólastigi geti félagið haft samningsumboð vegna viðkomandi starfs. Stjórn skal birta á vefsíðu félagsins veittar undanþágur.

Kjörgengi og kosningarréttur eru háð því að félagsmenn hafa fulla aðild og hafi greitt félagsgjöld til félagsins síðustu 6 mánuði.

VAR:

4. gr. Umsókn

Beiðni um aðild að félaginu skal vera skrifleg/rafræn og send félaginu ásamt afriti af prófskírteini. Framkvæmdastjóri veitir bráðabirgðaaðild að félaginu með fullum félagsréttindum. Vafaatriði eru borin undir framkvæmdastjórn. Allar umsóknir skulu lagðar fyrir næsta stjórnarfund til endanlegrar afgreiðslu. Félagsmenn skulu senda félaginu upplýsingar um breytingar sem hafa orðið á veittum upplýsingum á umsóknareyðublaði þegar þær breytast.

VERÐUR:

4. gr. Umsókn

Beiðni um aðild að félaginu skal vera skrifleg/rafræn og send félaginu ásamt afriti af prófskírteini. Framkvæmdastjóri veitir bráðabirgðaaðild að félaginu með fullum félagsréttindum. Vafaatriði eru borin undir **stjórn**. Allar umsóknir skulu **afgreiddar af framkvæmdastjórn**. Félagsmenn skulu senda félaginu upplýsingar um breytingar sem hafa orðið á veittum upplýsingum á umsóknareyðublaði þegar þær breytast.

3. Lagabreytingar frk.

VAR:

18. gr. Gildistími

Lög þessi öðlast gildi 30. mars 2023. Jafnframt falla eldri lög félagsins úr gildi.

VERÐUR:

18. gr. Gildistími

Lög þessi öðlast gildi 21. mars 2024. Jafnframt falla eldri lög félagsins úr gildi.

4. Félagsgjald

Stjórn FÍN leggur ekki fram tillögu um breytingar á félagsgjaldi og leggur til að félagsgjöld verði óbreytt, 0,65% af heildarlaunum.

5. Stjórn 2024-2026

(sjálfkjörið)

Í kjöri til 2 ára:

Formaður FÍN:

Marianna H. Helgadóttir, FÍN

Meðstjórn (9):

Anna Berg Samúelsdóttir, Matís

Benóný Jónsson, Hafrannsóknastofnun

Guðrún Nína Petersen, Veðurstofa Íslands

Sigvaldi Thordarson, Íslenskar orkurannsóknir

Sindri Birgisson, Mosfellsbær

Stefán Már Stefánsson, Hafrannsóknastofnun

Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg

Torfi Geir Hilmarsson, Alvotech

Unnur Magnúsdóttir, Genís

Meðstjórn (1) til eins árs: Sigrún Laufey Sigurðardóttir, Landspítali*

*Einn stjórnarmaður sagði sig úr stjórn á árinu og því er kosinn einn stjórnarmaður til eins árs.

Aðalfundur FJN

5. Stjórn 2024-2026

Sitja frá fyrra ári:

Varaformaður FJN:

Porkell Heiðarsson, Reykjavíkurborg

Fulltrúi trúnaðarmanna:

Björg Helgadóttir, Reykjavíkurborg

Meðstjórn (7):

Berglind Sigurðardóttir, Skipulagsstofnun

Bragi Bergsson, Reykjavíkurborg

Jón Már Halldórsson, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Kristín Hermannsdóttir, Rannís

Margrét Geirsdóttir, Matís

Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Una Bjarnadóttir, Alvotech

6. Stjórn Kjaradeilusjóðs 2024-2026

(sjálfkjörið)

Í kjöri til 2 ára:

Aðalmaður:

Ólafur Eggertsson, Land og skógur/Landbúnaðarháskóli Íslands

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Bergljót Einarsdóttir, Kópavogsbær

Friðþjófur Árnason, Hafrannsóknastofnun

Jafnframt sitja í stjórn Kjaradeilusjóðs eftirtaldir aðilar:

Aðalmenn:

Formaður FJN

Gjaldkeri FJN

Varamenn:

Varaformaður FJN

Ritari FJN

Aðalfundur FJN

7. Siðanefnd 2024-2026

(sjálfkjörið)

Í kjöri til 2 ára:

Aðalmenn:

Anna Berg Samúelsdóttir, Matís
Emelía Eiríksdóttir, Coripharma
Símon Klüpfel, Axelyf

Varamenn:

Guðlaug Katrín Hákonardóttir, Háskóli Íslands

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Berglind Sigurðardóttir, Skipulagsstofnun
Páll Sigurðsson, Land og skógur

Varamenn:

Jóna Freysdóttir, Landspítali

8. Önnur mál

- Stefnumótun félagsins og markmiðasetning til ársins 2028
- Staða kjarasamninga

Félagsmönnum er bent á að hægt er að taka upp önnur mál undir þessum dagskrárlið.

Opnir fundir með formanni FÍN

Kæra félagsfólk

Framundan eru kjaraviðræður við alla viðsemjendur FÍN, því verður boðið upp á opna fundi með formanni til að fara yfir kjaramál og kjaraviðræðurnar framundan. Fundirnir verða á TEAMS og eru opnir öllum. Haldnir verða fundir fyrir opinbera og almenna markaðinn.

Fundir verða:

- 8. apríl
- 10. apríl

Sent verður fundarboð á allt félagsfólk FÍN.

Fundirnir eru gott tækifæri að til kynna sér áherslur FÍN í komandi kjaraviðræður, vonast er til að sem flest sjái sér fært að mæta.

Með bestu kveðjum,
Maríanna H. Helgadóttir



Samstaða meðal háskólafélaga

Yfirlýsing frá 15. febrúar 2024

[Neðangreind stéttarfélög](#) krefjast leiðréttingar á launum háskólamenntaðra og að þeim verði tryggð kaupmáttaraukning ráðstöfunartekna í komandi kjaraviðræðum. Háskólamenntaðir hafa setið eftir í kjarasamningum síðustu ára vegna ítrekaðra krónutöluhækkana með tilheyrandi samþjöppun launa á vinnumarkaði. Samþjöppun tekna á Íslandi er ein sú mesta í Evrópu.

Ljóst er að það stefnir í mikinn skort á sérhæfðu starfsfólki til að mæta þörfum atvinnulífsins Hlutfall ungs fólks á Íslandi sem hefur lokið háskólanámi er langt undir meðaltali OECD ríkja. Við því verður að bregðast. Sé ekki gripið til aðgerða mun ávinningur af háskólamenntun minnka enn frekar. Þá er líklegt að háskólamenntaðir sækji meira í störf í löndum þar sem eftirspurn er eftir færni þeirra og líf skjör háskólamenntaðra eru betri en á Íslandi.

Félag íslenskra náttúrufræðinga er á meðal þessara 22 stéttarfélaga